

95  
14. júlí

## AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík, nr. 2 7. jan. 1930.

1. gr.

46. gr. lögreglusamþykktarinnar orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt miða við gerð og ástand ökutækisins, staðhætti, færð, veður og umferð og haga þannig, að aksturinn valdi ekki hættu eða óþægindum fyrir aðra vegfarendur né geri þeim óþarfa tálmanir.

Sérstök skylda hvílir á ökumanni að aka hægt og sýna ýrtruðu varkárni, þegar skuggsýnt er, skyggni lélegt eða útsýn er takmörkuð að öðru leyti, í beygjum, við vegamót, við biðstöðvar almenningsvagna, þar sem mikil umferð er eða börn eru á eða við veg eða gera má ráð fyrir, að börn séu að leik, hálka er á vegi eða önnur hætta. Þegar bleyta er á vegum, skal aka þannig, að ekki slettist á aðra vegfarendur né hús.

Á svæðinu vestan Elliðaáa má eigi aka hraðar en 35 km á klukkustund, enda séu umferðarskilyrði góð. Austan Elliðaáa má með sama skilorði aka allt að 45 km hraða á klukkustund. Bæjarstjórn er þó heimilt að ákveða annan hámarkshraða á einstökum vegum.

Breyting þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 1 3. jan. 1890, sbr. lög nr. 67 28. nóv. 1919, um lögreglusamþykktir fyrir kaupstaðina, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dómsmálaráðuneytið, 14. júlí 1958.*

**Hermann Jónasson.**

*Gústav A. Jónasson.*

96  
14. júlí

## AUGLÝSING

um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Ísafjarðarkaupstað, nr. 12 24. jan. 1949.

1. gr.

Við 40. gr. bætist:

Bifreiðastöður eru bannaðar á þessum stöðum:

- a. Í Hafnarstræti frá Silfurtorgi að Pólgötu austan megin götunnar og beggja vegna götunnar frá Silfurtorgi og upp fyrir smjörlikisgerðina og frá Austur-vegi að Pólgötu.
- b. Í Fjarðarstræti beggja vegna götunnar frá Hrannargötu að Mjallargötu.
- c. Við Aðalstræti frá Silfurtorgi að Bræðraborg sunnan megin götunnar.
- d. Við Austurveg, framan við húsið nr. 1 og nr. 2.

Á Silfurtorgi verði hringakstur samkvæmt settum merkjum.

2. gr.

48. gr. orðist svo:

Ökuhraða bifreiða skal ávallt stilla svo í hóf, að komizt verði hjá slysum, og þannig, að umferð um götuna sé ekki trufluð, og má ökuhraðinn aldrei vera